



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 16. október 2018
SFS2016080100
146. fundur
HG/et

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Embættisafgreiðslur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Bréf skólastjóra Breiðholtsskóla, dags. 27. september 2018, þar sem óskað er eftir að færa starfsdag frá 3. október til 5. október 2018 til að starfsdagar séu þeir sömu hjá grunnskóla og leikskólum í hverfinu.	Svarað með tölvubréfi sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 27. september 2018, þar sem beiðnin er samþykkt.
Tölvubréf foreldraráðs Jöklaborgar, dags. 24. september 2018, þar sem óskað er eftir úrbótum verklags svo leikskólastjórum sé gert auðveldara að úthluta systkinum plássi á sama leikskóla.	Svarað með bréfi sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 15. október 2018, þar sem upplýst er um breytingar á reglum um leikskólaþjónustu þar sem eftir 1. nóvember 2018 verði foreldrar að velja að lágmarki tvo leikskóla þegar sótt er um leikskólapláss.



Breiðholtsskóli



Reykjavík, 27. september 2018

Skóla- og frístundasvið
B.t. Helga Grímssonar sviðsstjóra
Borgartúni 12 – 14
105 Reykjavík

SKJALAVER HÖFÐATÖRÐI
10. OKT. 2018
Málsnr.: SFS 2018/00116
Bréfalykill: 7-1

Efni: Ósk um að færa starfsdag frá 3. október til 5. október 2018.

Skólastjóra ber að sjá til þess að í skipulagi starfsdaga skólans séu 3 daga sameiginlegir með leikskólum hverfisins. Í vor hafði þetta verið gert og var samþykkt að 3. október væri einn af þessum dögum. Við skipulag í leikskólunum í haust var ákveðið að leikskólar í Breiðholti hefðu sameiginlegan starfsdag 5. október og hefur dagskrá verið skipulögð hjá þeim miðað við þennan dag.

Stjórnendur leikskólanna við Breiðholtsskóla komu að máli við skólastjóra og bentu á þessa breytingu.


Í kjölfarið komu nokkrir foreldrar sem eiga börn í leikskóla og grunnskóla að máli við skólastjóra og óskuðu eftir að þessi starfsdagur yrði færður til í skólanum yfir á 5. október.

Málið var rætt á stjórnarfundum foreldrafélags og tóku þau undir þessa ósk foreldra. Einnig var þetta rætt á starfsmannafundi og mælti þar enginn á móti þessari breytingu. Málið var síðan tekið upp á skólaráðsfundi í morgun og var þar samþykkt einróma að verða við þessari ósk foreldra þar sem ekkert mælti á móti henni og ljóst að þetta væri til hagræðingar fyrir marga.

Um leið og samþykki fæst fyrir þessa breytingu mun skólastjóri upplýsa foreldra með tölvupósti og nýju skóladagatali. Kennarar munu minna á breytinguna með föstudagspósti á morgun og á þriðjudag er samtalsdagur þar sem foreldrar mæta með börnum sínum í viðtöl og þar verður þessi breyting ítrekuð.

Að lokum verða börnin að sjálfsögðu upplýst um breytinguna.

Virðingarfyllst,


Asta Bjarney Elíasdóttir, skólastjóri Breiðholtsskóla

Meðfylgjandi er undirrituð samþykkt skólaráðs og nýtt skóladagatal.
Afrit sent til Soffíu Vagnsdóttur og Guðrúnar Eddu Bentsdóttur

Breiðholtsskóli ... árangur fyrir alla

Arnarbakka 1-3 109 Reykjavík, breidholtsskoli@rvkskolar.is- Sími 411 7450

27. september 2018

Ósk kom frá foreldrasamfélaginu að færa starfsdaginn 3. Október yfir á 5. Október þar sem þá sé starfsdagur í leikskólum í hverfinu.

Skólaráð tók þetta fyrir á sínum fundi og var það samþykkt einróma.

Asta Bjarney Elíasd. Skólastjóri

Lúkas Ís feldt Kolbrúnarson fulltrúi nemenda

Eybjört Ísól Torfadóttir

Þórey Börk Hjaltadóttir

Guðný Maja Ríða

fulltrúi nemenda

fulltrúi kennara

fulltrúi kennara

Suana Benhard Sigmjónsdóttir

Fulltrúi foreldra

Guðný Joga Ófeigsdóttir

Fulltrúi foreldra



BREIÐHOLTSSKÓLI

Arnarbakka 1-3 • 109 Reykavík
Sími 557 3000 • Fax 587 9211
Kt. 590182-0449



Skóladagatal 2018 - 2019

Nafn skóla:

Breiðholtsskóli

AGÚST	SEPTEMBER	OKTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 M	1 L	1 M	1 F	1 L	1 F	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L
2 F	2 S	2 Þ Samtalsdagur	2 F	2 S	2 M	2 L	2 L	2 Þ	2 Þ	2 S
3 F	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 S	3 S	3 M	3 M	3 M
4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 M	4 M	4 F	4 L	4 Þ Undir berum himni
5 S	5 M	5 M	5 M	5 M	5 L	5 Þ	5 Þ Sprengidagur	5 F	5 S	5 M
6 M	6 F	6 L	6 Þ	6 F	6 S Þröttundin	6 M	6 M	6 L	6 M	6 F Útskrift 10. bekkjar
7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 M	7 F	7 F	7 S	7 Þ	7 F Skólasíti
8 M	8 L	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L
9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 L	9 L	9 Þ	9 F	9 S
10 F	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 S	10 S	10 M	10 F	10 M
11 L	11 Þ Þema - útlíkennsla	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 M	11 M	11 F	11 L	11 M
12 S	12 M Þema - útlíkennsla	12 F	12 M	12 M	12 L	12 Þ	12 Þ Samr. pr. 9. bk. ísl	12 F	12 S	12 S
13 M	13 F	13 L	13 Þ Öndvegisbúðir 6.b	13 F	13 S	13 M	13 M	13 L	13 M	13 M
14 Þ	14 F	14 S	14 M Öndvegisbúðir 6.b	14 F	14 M	14 F	14 F	14 Þ	14 Þ	14 F
15 L	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L
16 S	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 L	16 L	16 Þ	16 F	16 S
17 M	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 S	17 S	17 M	17 F	17 M
18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 M	18 M	18 F	18 L	18 Þ
19 S	19 M	19 F	19 M	19 L	19 S	19 M	19 M	19 Þ	19 S	19 M
20 F	20 Þ Samr. pr. 7. bk. ísl	20 L	20 Þ	20 F	20 M	20 L	20 L	20 F	20 L	20 F
21 F	21 M Samr. pr. 7. bk. stæ	21 S	21 M	21 F	21 S	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F
22 M	22 L Skólasetning	22 Þ	22 F	22 L	22 Þ Samtalsdagur	22 F	22 F	22 Þ	22 M	22 L
23 F	23 S	23 Þ	23 M	23 F	23 S	23 M	23 L	23 Þ	23 M	23 S
24 F	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 S	24 S	24 M	24 F	24 M
25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F	25 M	25 M	25 L	25 Þ	25 Þ
26 S	26 M	26 F	26 M	26 M	26 L	26 Þ	26 Þ	26 F	26 S	26 M
27 M	27 F	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F
28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 M	28 F	28 F	28 S	28 Þ	28 F
29 M	29 L	29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 F	29 F	29 M	29 M	29 L
30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 L	30 L	30 Þ	30 F	30 S
31 F		31 M		31 M	31 F		31 S		31 F	

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.

Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólustjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum.

Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8. Stefna skóla- og frístundaráðs er að í hverju hverfi leitist skólustjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis fyrir fjölskyldur í Reykjavík. Miða skal við að að lágmarki verði þrír af fimm starfsdögum samræmdir í grunnskólum og leikskólum í næsta nágrenni. Stefnt skal að því að



Ósk um breytingu á skóladagatali

Upplýsingar um viðskiptavin:

Dagsetningar:

Skjalalykill	7.1 Grunnskólar í Reykjavík (A-Ö)	Málsnúmer	SFS2018100116
Móttökudags.	11.10.2018	Skráð í GoPro	16.10.2018

Tegund skjals	Bréf	Fyrir Borgarráð
Efnisorð		
Eldri skjalalykill		
		Er flokkað eftir eldri skjalalykli í skjalasafni.

Sent:

Sent til:

Notandi: "Helgi Grímsson" <Helgi.Grimsson@reykjavik.is>
Dagsetning: 11.10.2018 12:06:18
Til: "Eygló Traustadóttir" <eyglo.traustadottir@reykjavik.is>, "Guðrún Sigtryggsdóttir" <Guðrun.Sigtryggsdottir@reykjavik.is>, "Aðalbjörg Díska Guðjónsdóttir" <adalbjorg.disa.gudjonsdottir@reykjavik.is>
Efni: Ósk um breytingu á skóladagatali

Frá: Helgi Grímsson

Sent: fimmtudagur, 27. september 2018 12:18

Til: 'Ásta Bjarney Elíasdóttir' <Asta.Bjarney.Eliasdottir@rvkskolar.is>

Afrit: Soffía Vagnsdóttir <Soffia.Vagnsdottir@reykjavik.is>; Guðrún Edda

Bentsdóttir <Guðrun.Edda.Bentsdottir@reykjavik.is>

Efni: SV: Ósk um breytingu á skóladagatali

Samþykkt - mjög mikilvægt að skipulagsdagar leikskóla- og grunnskóla séu þeir sömu.

Með bestu kveðju,

Helgi Grímsson

Helgi Grímsson
Sviðsstjóri
Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>
Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.
Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

-----Upphaflegt skeyti-----

Frá: Ásta Bjarney Elíasdóttir <Asta.Bjarney.Eliasdottir@rvkskolar.is>

Sent: fimmtudagur, 27. september 2018 11:50

Til: Helgi Grímsson <Helgi.Grimsson@reykjavik.is>

Afrit: Soffía Vagnsdóttir <Soffia.Vagnsdottir@reykjavik.is>; Guðrún Edda

Bentsdóttir <Gudrun.Edda.Bentsdottir@reykjavik.is>
Efni: Ósk um breytingu á skóladagatali

Komið sæl
meðfylgjandi er ósk um breytingu á skóladagatali Breiðholtsskóla.

Ég biðst afsökunar á því hversu skammur fyrirvarinn er.
Helst þarf að afgreiða erindið í dag þannig að hægt sé að upplýsa foreldra
sem fyrst.

Frumrit koma í hefðbundnum pósti.

Með kveðju,
Ásta Bjarney Elíasdóttir
Skólastjóri Breiðholtsskóla
Sími 4117450

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>
Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.
Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

Frá: Fanney Karlsdóttir <karlsdottir@gmail.com>

Sent: mánudagur, 24. september 2018 17:21

Til: SFS <sfs@reykjavik.is>; Skúli Þór Helgason <Skuli.Helgason@reykjavik.is>; Helgi Grímsson <Helgi.Grimsson@reykjavik.is>; Líf Magneudóttir <Lif.Magneudottir@reykjavik.is>; Pawel Bartoszek <Pawel.Bartoszek@reykjavik.is>; Alexandra Briem <Alexandra.Briem@reykjavik.is>; Valgerður Sigurðardóttir <Valgerdur.Sigurardottir@reykjavik.is>; Katrín Atladóttir <Katrinn.Atladottir@reykjavik.is>; Örn Þórðarson <Orn.Thordarson@reykjavik.is>

Afrit: Fanney Magnadóttir <fanney@gmail.com>; Ólöf Marín Úlfarsdóttir <olofmarinu@gmail.com>; Þóra Margrét Sigurðardóttir <thora1988@gmail.com>; Anna Bára Pétursdóttir <Anna.Bara.Petursdottir@reykjavik.is>; Samtök foreldra leikskólabarna <leikskolabornin@gmail.com>

Efni: Formlegt erindi til skóla- og frístundaráðs: Systkinatillit í leikskólum Reykjavíkur

Neðangreint er formlegt erindi:

**Til skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar
Reykjavík, 24. september 2018**

Efni: Systkinatillit í leikskólum Reykjavíkur

Foreldraráð Jöklaborgar fagnar því að fyrr í mánuðinum fengu fulltrúar foreldraráðsins fund með Skúla Helgasyni, formanni skóla- og frístundaráðs. Erindið var að fylgja eftir beiðni foreldraráðsins um endurskoðun skóla- og frístundasviðs á verklagi til að framfylgja betur reglu um systkinatillit við innritun í leikskóla borgarinnar. Fundinn sat auk þess fulltrúi foreldraráðs Kvistaborgar þar sem foreldraráð þess leikskóla hefur beitt sér fyrir því sama undanfarin misseri. Með bréfi þessu viljum við fylgja málinu enn frekar eftir, ítreka þörfina á úrbótum með betra verklagi sem auðveldar leikskólastjórum að úthluta systkinum plássum á sama leikskóla en jafnframt veltum við því upp hvort starfsfólk skóla- og frístundasviðs geti stutt betur við leikskólastjóra til að tryggja að reglunni um systkinatillit sé beitt.

Á fundinum með Skúla fórum við yfir þá staðreynd að reglan um systkinatillit hefur reynst nær gagnslaus við innritun á Jöklaborg, ekki síst fyrir börn sem fædd eru á síðari helmingi þess tímabils sem verið er að innrita í leikskóla í stóru innrituninni að vori. Allt aðra sögu er hins vegar að segja um Kvistaborg síðasta vor því þar tókst að innrita öll börn sem eiga eldri systkin í leikskólanum og sum þeirra fædd nálægt lokum þess tímabils sem innritað var (fædd nálægt lokum árs 2016).

Á fundinum með Skúla fórum við yfir tillögur foreldraráðs Jöklaborgar um að breyta innritunarreglum þannig að foreldrar þurfi að velja fleiri en einn leikskóla við fyrstu innritun barns til að auðvelda leikskólastjórum að úthluta systkinum plássum saman. Við ræddum líka um mikilvægi þess að starfsfólk á skrifstofu skóla- og frístundasviðs taki virkan þátt í því að bjóða foreldrum pláss fyrir börn sín á öðrum leikskólum en þeir völdu ef þess þarf til að tryggja systkinum pláss saman á leikskóla. Skúli vildi meina að það verklag væri hægt að nota nú þegar þannig að barn sem einungis var sótt um pláss fyrir á einum leikskóla í vor, og fætt er t.d. 15. október 2016, hafi getað fengið úthlutað plássi á öðrum leikskóla til að tryggja öðru barni, t.d. fætt 16. október 2016, pláss á leikskólanum sem valinn var þar sem eldra systkin yngra barnsins er nú þegar innritað í skólann. Svo virðist vera að þetta verklag hafi m.a. verið notað til að innrita

Í vor ný börn á Kvistaborg sem eiga eldri systkin í leikskólanum og þannig hafi starfsfólk á skrifstofu skóla- og frístundasviðs leyst vandann.

Skúli nefndi að nú stæði yfir endurskoðun á innritunarreglum í leikskóla þar sem skoðað yrði hvernig hægt væri að koma á verklagi sem tryggir virkara systkinatillit. Við bindum vonir við þá endurskoðun og að hún verði send til umsagnar á a.m.k. SAMLEIK-R, hagsmunasamtök foreldra leikskólabarna í Reykjavík. Við óskum eftir að foreldraráð Jöklaborgar fái tilkynningu frá skóla- og frístundasviði þegar þessi umsögn stendur yfir þar sem við höfum beitt okkur í þessu máli undanfarin misseri.

Á fundinum með Skúla benti hann okkur á að fjölgun plássu fyrir börn í Jöklaborg á næstu misserum muni mögulega stuðla að því að hægt sé að innrita með auðveldari hætti börn sem eiga eldri systkin í skólanum. Okkar mat er að það er gott framtak að fjölga leikskólaplássum á Jöklaborg ef það tryggir um leið öllum börnum sem eiga eldri systkin í skólanum pláss við upphaf leikskólagöngu þeirra. Málflutningur okkar snýst þó fyrst og fremst um það að **tryggja þarf til frambúðar verklag þannig að reglunni um systkinatillit sé ávallt fylgt við úthlutun plássu í öllum leikskólum borgarinnar til að tryggja að yngra systkin fái úthlutað plássu á sama leikskóla og eldra systkin sitt við upphaf leikskólagöngu þess yngra.**

Okkar mat er því að koma þurfi á betra verklagi til að tryggja systkinatillit fyrir öll börn í leikskólum borgarinnar við stórar úthlutanir leikskólaplássa eins og úthlutunina að vori. Tölur frá skóla- og frístundasviði sanna að undanfarin ár hefur hópur barna ekki fengið úthlutað plássu á sama leikskóla og eldri systkin sín heldur á öðrum leikskóla. Við skorum á ykkur enn og aftur að finna varanlega úrlausn á þessu.

Þess ber þó að geta að eftir standa þessar vangaveltur okkar: Hvernig stóð á því að það tókst að úthluta í vor öllum börnum plássu á Kvistaborg sem eiga eldri systkin þar en ekki öllum börnum í sömu stöðu sem sóttu um plássu á Jöklaborg? Er hægt að virkja verklag af hálfu starfsfólks skrifstofu skóla- og frístundasviðs sem felur í sér að tryggja öllum systkinum plássu saman, verklag sem ekki hefur verið boðið leikskólastjórnendum Jöklaborgar upp á?

Virðingarfyllt,
f.h. foreldraráðs Jöklaborgar

Fanney Karlsdóttir

Afrit:

- Aðrir fulltrúar í foreldraráði Jöklaborgar
- SAMLEIK-R, hagsmunasamtök foreldra leikskólabarna í Reykjavík

Hjálögð gögn: Nokkur fyrri erindi um málið



Jöklaborg - Foreldrafélag
b.t. Fanneyjar Karlsdóttur

Svar við fyrirspurn foreldrafélags Jöklaborgar

Vísað er til bréfs foreldrafélags Jöklaborgar, dags. 24. september sl., í tengslum við innritun systkina í leikskóla.

Upplýst er um að skóla- og frístundaráð samþykkti þann 9. október sl. að gerðar verði breytingar á reglum um leikskólaþjónustu. Gert er ráð fyrir að málið verði tekið til afgreiðslu í borgarráði á næstunni en samþykki borgarráðs þarf að liggja fyrir áður en farið verður í breytingar.

Breyting á reglum leiðir til þess að vegna nýrra umsókna um leikskólaláss verða foreldrar að velja að lágmarki tvo leikskóla. Eftir sem áður mega foreldrar velja einn leikskóla þegar sótt er um flutning. Breytingin tekur gildi 1. nóvember nk.

Umsóknir sem þegar eru í kerfinu munu standa óbreyttar, en allar nýjar umsóknir frá 1. nóvember nk. falla undir þessa reglu, að því tilskildu að borgarráð samþykki breytinguna.

Það er von skóla- og frístundasviðs að með þessum breytingum á reglum um leikskólaþjónustu verði hægt að innrita öll systkini í leikskólann Jöklaborg, og ekki þurfi að bjóða systkinum pláss í nærliggjandi leikskólum.

Í bréfi foreldrafélagsins er nefnt að í „stóru innritun“ hafi börnum verið boðið pláss í öðrum leikskólum en þeim sem sótt var um í, í þeim tilgangi að liðka til fyrir systkinum, þetta hafi átt við um aðra leikskóla en Jöklaborg. Vegna þessa er tekið fram að foreldum er eingöngu boðið pláss fyrir börn sín á öðrum leikskólum en þeim sem sótt er um í, ef fullt er í umsóknarleikskólunum, barn verður tveggja ára á árinu og ljóst er að ekki er hægt að bjóða neitt pláss af vali foreldra.


Tekið er fram að innritunarkerfi skóla- og frístundasviðs eiga að tryggja jafnræði við úthlutun pláss í öllum leikskólum Reykjavíkur, og innritunarkerfið þannig upp sett að leikskólar geta ekki brotið reglu um innritun eftir kennitölu, þau elstu fyrst.

Jöklaborg var eini leikskólinn í ár þar sem ekki tókst að bjóða öllum systkinum pláss í sama leikskóla. Varðandi vangaveltur um að á Kvistaborg hafi annað verklag verið viðhaft við innritun systkina er fullyrt að svo hafi ekki verið. Við umsóknir um leikskóla, voru margir foreldrar með fleiri en einn leikskóla í vali fyrir börn sín, og laus pláss voru í þeim leikskólum sem foreldrar sóttu um sem vara leikskóla. Systkinatillitið virkaði vel við úthlutun pláss í „stóru innritun“ í Kvistaborg.

Nýjar reglur voru ekki sendar út til umsagnar.

Eins og fram hefur komið í eldri svörum skóla- og frístundasviðs til foreldrafélagsins í tengslum við fyrri fyrirspurnir þá er vinna í gangi við að fjölga plássum í Seljahverfi, bæði við leikskólann Jöklaborg og Seljakot. Reiknað er með að viðbótar húsnæðið verði tekið í notkun fyrir áramót. Skóla- frístundasvið hefur fulla trú á að þau viðbótarpláss muni hafa þau áhrif að öll systkini komist að í Jöklaborginni í framtíðinni.

Upplýst er um að svar þetta verður lagt fram á fundi skóla- og frístundaráðs til kynningar.

Virðingarfyllt

Helgi Grimsson

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs